

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað, skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt tölflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugargjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn um heimtaug.

#### IV. Ýmis ákvæði.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 2 100.00.

Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0.8 getur rafveitan krafist að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 15. maí 1979, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 123, 1. mars 1979.

*Iðnaðarráðuneytið 11. maí 1979.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*

## AUGLÝSING

um hækkun á gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 339 22. september 1978.  
með síðari breytingum.

Með tilvísun til 25. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967 hefur iðnaðarráðuneytið staðfest 15% hækkun á gildandi gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur nr. 339 22. september 1978, með síðari breytingum, frá og með 15. maí 1979.

*Iðnaðarráðuneytið, 11. maí 1979.*

F. h. r.

**Páll Flygenring.**

*Kristmundur Halldórsson.*